

Nr. 42.  
20.  
október.

## Lög

um

að stofna slökkvilið á Akureyri.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á Akureyri skal stofna slökkvilið.

2. gr.

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvívjalar og önnur slökkvitól, eptir boði bæjarfógeta eða þess yfirboðara, er bæjarstjórnin setur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir að koma til brunans. Þeir eru skyldir til að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, er að því lúta að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða takmarka, eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugjörð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir allt að 50 kr. fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Akureyrar.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þeirri, er um er getið í 2. gr., skal farið sem með opinber lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

**H. Hafstein.**

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

## Lov

om

### Oprettelse af et Brandkorps i Akureyri.

Nr. 42.  
20.  
Oktober.

**Vi Christian den Niende**, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

#### § 1.

I Akureyri skal der oprettes et Brandkorps.

#### § 2.

Alle de af Byens Indvaanere, som dertil findes skikkede, ere pligtige til at møde 4 Gange aarlig for at øve sig i Brugen af Sprøjter og andre Slukningsredskaber efter nærmere Bestemmelse af Byfogden eller den af Byraadet beskikkede Anfører for Brandkorpset. I Ildbrandstilfælde ere alle arbejdsføre Mandspersoner i Byen pligtige til at indfinde sig ved Brandstedet. De ere pligtige til at adlyde de af Brandkorpsets Anfører eller af hans Medhjælpere udstedte Befalinger, der sigte til Bjærgning, Ildens Slukning eller Begrænsning, eller til Forhindring af dens videre Udbredelse.

Byraadet affatter et Regulativ for Brandkorpset, hvilket Regulativ approberes af Ministeriet. For Overtrædelser af Regulativets Bestemmelser kan der fastsættes Bøder indtil 50 Kroner, der tilflyde Kommunekassen i Akureyri.

#### § 3.

Sager i Anledning af Overtrædelser af det i § 2 omhandlede Regulativ behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 20. Oktober 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

**Islands Ministerium, den 20. Oktober 1905.**

***H. Hafstein.***

*Olafur Halldórsson.*